

L Ö G

um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lögsagnarumdæmi Keflavíkurkaupstaðar stækkar til norðurs um landsvæði úr landi Keflavíkur h/f, Keflavík, svo og úr landi Keflavíkurflugvallar í eigu ríkissjóðs, hvort tveggja í Gerðahreppi.

Mörkin milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps breytast því og verða sem hér segir:

Að vestan eru mörkin frá hornpunkti, þar sem norðurmörk Njarðvíkurhrepps skera beina línu dregna úr Kólku í Keflavíkurborg, unz sú lína sker núverandi háspennulínu. Síðan fylgja mörkin háspennulínunni til norðurs u. þ. b. 1400 m. Þar beygir háspennulínan til NNA, og fylgja mörkin henni u. þ. b. 560 m, unz hún beygir til NNV. Úr þeim hornpunkti liggja mörkin í ANA í stefnu á vitann á Hólmsbergi til sjávar.

2. gr.

Frá gildistöku laga þessara tekur Keflavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Gerðahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Nú verður ekki innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Gerðahrepps um eign- og skuldaskipti, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þau þá ákveðin af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Sami gerðardómur skal ákveða bætur fyrir tekjurýrnun Gerðahrepps, er kann að leiða af lögum þessum. Aðilar tilnefna hvor sinn mann í gerðardóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.